Fékk, upp úr þurru, senda óumbeðna typpamynd frá karlkyns samstarfsfélagi í leikskóla, seint um kvöld. Fannst það óþægilegt og vissi ekki hvernig eða hvort ég ætti að bregðast við. Gerði ekkert. Næst þegar ég hittir hann í vinnunni var ég mjög meðvituð um þetta og það truflaði mig. Hann virtist ekki þæla hið minnsta í þessu og framkoma hans var á engan hátt öðruvísi en áður. Þó ég hefði séð á honum typpið, án þess að vilja það.

#3

Þegar ég var nýútskrifuð fékk ég fína vinnu í góðum skóla. Á fyrsta skemmtikvöldi með nýja samstarfsfólkinu segir skólastjórinn hátt og snjallt við mig, og hóp samstarfsfélagi minna, að ég hafi fengið starfið vegna góðra og stórra brjóstá. Mjög vandræðalegt fyrir mig, sérstaklega svona nýútskrifuð og að reyna að líta fagmannlega út í nýja starfinu.

#4

Á mínum vinnustað fyrir nokkrum árum var maður sem réðst harkalega að samstarfskonu minni og hún hætti í kjölfarið. Á þessum vinnustað var unnið þétt saman í sérdeild og þegar ég byrjaði að vinna þar þá byrjaði hann á því að láta mig fá DVD mynd um konu sem var í sambandi við tvo karlmenn. Ég varð hissa og hélt kannski að allir í deildinni hefðu séð þessa mynd (afsakið, ég var einum of bláeygð).

Síðan byrjaði hann að áreita mig kynferðislega og endaði með því að ég kvartaði við verkefnastjóra sem sagði bara ekki neitt. Áreitnin hélt áfram og það var eins og honum leyfðist allt, en hans flokkur stjórnaði borginni á þeim tíma. Ég varð fyrir miklu áfalli og fékk mikla áfallastreituröskun og áttaði mig ekki almennilega fyrr en ég leitaði til Stígamóta. Þar fann ég alla þá hjálp, aðstoð og útskýringar sem ég þurfti. Ég hafði farið á fimm fundi hjá mannauðsfulltrúa borgarinnar og sagt henni frá þessari reynslu minni. Þegar lögfræðingur minn vildi fá fundargerðir þessara funda var henni sagt að þeim hefði verið hent, fyrir utan síðasta fundinn sem ég átti. Eftir þetta mátti ég þola opinberar ofsóknir af hálfu þessa manns, sem alltaf var að sýna vald sitt.

Þessi sami maður elti mig inn á klósett á jólagleði og reyndi að kyssa mig. Maðurinn minn var uppi. Þá kvartaði ég við skólastjóra en honum var aldrei veitt tiltal eða áminning enda vorum við bara hluti af þeim konum sem hann hafði óáreittur komist upp með að áreita í gegnum árin.

#5

Fyrr á þessu ári var ég á árshátíð, þar sem fyrrum samkennari minn var og fyrrum nemandi (stelpa). Samkennarinn fór að slá nemandanum gullhamra, hvað hún væri falleg og að hann hefði alltaf séð hana fyrir sér verða módel. Mér fannst þetta í raun mjög óviðeigandi. Stúlkunni var svarafátt og mér líka!

#6

Ég var skólaritari í grunnskóla og farsæl í starfi þangað til ráðinn var maður yfir skólavistuninni. Hann virtist ágætur í fyrstu en svo var farið í árlega óvissuferð og þá hófst áreitnin. Hann káfaði stöðugt á mér alla ferðina, hallaði sér upp að mér og faðmaði mig í tíma og ótíma. Ótrúlega ógeðslegt. Svo fór ég út fyrir til að anda en þá kom hann á eftir mér, króaði mig af og sagði slepjulega að við værum ekkert búin að kyssast það kvöldið. Ohh. Fæ enn hroll við að rifja þetta kvöld upp. Strax næsta vinnumorgun klagði ég hegðun hans til skólastjórans og skólastjórinn lofaði að tala við manninn en tók fram að vegna þess að þetta hefði ekki gerst í skólanum á vinnutíma væru völd hans takmörkuð varðandi að gera eitthvað fleira. Það má taka fram að ég var ein af fimm konum sem klöguðu hann fyrir kynferðislega áreitni þetta sama kvöld. Maðurinn baðst afsökunar eftir að skólastjórinn talaði við hann. Ég tók afsökunarbeiðnina gilda en gerði honum ljóst að mér þætti hann hafa óþægilega nærveru og ég óskaði ekki eftir henni. Eftir þetta sýndi hann mér alltaf fjandskap, frekjugang og dónalega framkomu, Hann var ógnandi og ruddalegur oft á tíðum og reyndi oft á þolrifin. Mér leið eins og snákur væri laus í skólanum og var orðin ein taugahrúga þarna. Hann var liggjandi utan í flestum konum sem unnu með okkur og hann virti engin mörk. Engin gerði samt neitt og andrúmsloftið var þrúgandi. Það gekk svo langt að aðstoðarskólastýrunni, fannst hann svo óþægilegur að hún bað mig um að koma inn til sín þegar ég sæi hann fara inn til hennar og sagðist koma fram til mín þegar hún heyrði hann koma inn á skrifstofu til mín. „Við verðum að hjálpast að og veita hvor annarri stuðning þegar hann birtist“, sagði hún. Hann var samt ekki látinn fara og fékk aldrei annað tiltal á meðan ég vann þarna.

Svo var hann farinn að hanga með unglingsstúlkunum og sýna þeim svona ágengni og slepjugang og ég benti skólastjóranum á það og ég fann að hann var orðinn leiður á mér og taugaveiklun minni. Þá ákvað ég að hætta, því ég vildi ekki vera þarna þegar eitthvað hræðilegt gerðist með nemendum. Ég hætti og lét skólahjúkkuna vita af því að hann væri að daðra við unglingsstúlkurnar og hún lofaði mér að fylgjast með þessu. Það kom svo í ljós að maðurinn var ekki bara kynlífsfíkill heldur líka í neyslu og svo fór að hann hætti eftir að eitthvað kom uppá. Nú eru átta ár síðan og ég er enn með þetta á bakinu. Maðurinn sem áreitti mig kynferðislega, lagði mig í einelti eftir að ég klagði hann og hafnaði nærveru hans, hann hrakti mig úr starfi. Ég veit núna að maðurinn var veikur en það situr í mér að skólastjórinn leyfði þessu að viðgangast og gerði ekkert til að hjálpa mér eða stoppa þetta.

#7

Samstarfsmaður minn, karlmaður nokkrum árum eldri sýndi mér yfirgang og stjórnsemi í margs konar formi um langt skeið. Þetta ástand hafði mikil áhrif á mig og fjölskyldu mína. Samstarfsmaðurinn virtist vel tengdur út í samfélagið, vanur að stjórna og að fá sitt fram og settist oft á skrifstofu skólastjóra sem var yngri. Ég bar ábyrgð á sameiginlegu verkefni en átti í vandræðum með að sitja fundi með honum vegna stjórnsemi hans. Ég bað meira að segja um að verkefninu væri skipt í tvennt til að losna við hann. Þeir sem vissu af þessu virtust átta sig á yfirgangi en þótt ég leitaði til trúnaðarmanna og skólastjórnenda með málið var nánast ekkert tekið á þessu af alvöru.

Hér er ein saga (af mörgum) sem lýsir hvernig reynt var að horfa í gegnum framkomu sem var ekki í lagi.

Ég sat með viðkomandi starfsmanni á fundi ásamt skólastjóra skólans. Samstarfsmaðurinn óð áfram í hroka, fór með rangfærslur og gerði lítið úr mér og talaði niður til mín á fundinum. Mér var eiginlega brugðið þegar ég sá að hvorki var gerð nein athugasemd við málflutning né hegðun hans. Eftir fundinn hinkraði ég við hjá skólastjóra en samstarfsmaður minn fór. Þegar við vorum orðin ein spurði ég skólastjóran, finnst þér í lagi hvernig samstarfsmaðurinn talar við mig? Skólastjórinn svaraði ekki spurningunni. Ég spurði skólastjóran aftur, finnst þér í lagi hvernig samstarfsmaðurinn talar við mig? Hann svaraði ekki heldur í það skiptið. Þá spurði ég skólastjóran í þriðja sinn, finnst þér í lagi hvernig samstarfsmaðurinn talar við mig? Loksins í þriðja sinn sem ég spurði þessarar sömu spurningar svaraði skólastjórinn henni og sagði: nei, auðvitað finnst mér það ekki í lagi. Ég skal senda honum tölvupóst með athugasemdum. Ég sá aldrei sjálf þann tölvupóst.

#8

Ég átti ýmiss konar samskipti við einn yfirmannanna minna í menntakerfinu (hvorki skólastjóri né samkennari) um árabíl auk þess að fylgjast með samskiptum fleira fólks sem stendur mér nærri við hann. Ég, ásamt fleiri konum, deildum á hann fyrir framgöngu í máli skólastjórnanda nokkurs sem var „hrakin“ frá störfum af honum og síðar kom að næsta stjórnanda sem einnig sagði upp. Allt um það, hann varð að hverfa frá starfi sínu og fékk starf í yfirstjórn menntamála í landinu. Þar sótti ég um sérfræðistarf og áður en fjallað var um umsóknir hafði hann lýst því yfir í heyranda hljóði að hann vildi mig ekki, með tilheyrandi hnjóði um ókosti mína. Ég var talin jafnhæf þeirri sem ráðin var en er eldri og reyndari.

Ég á nokkrar kunningjakonur sem hafa sagt mér og fleirum frá bæði viðreynslum þessa manns og yfirlýsingum um gamlar og leiðinlegar konur (ekki síst í hópum undirmanna hans). Þessi maður missti fína starfið en fékk annað sérfræðistarf í stoðkerfi stórs sveitarfélags svo hann getur haldið uppteknum hætti áfram. Þessi maður mun hafa verið kærður fyrir einhvers konar áreitni gagnvart skjólstæðingi (nemanda í grunnskóla) en ég veit ekki um lyktir þess máls.

#9

Atvikið átti sér stað á árshátíðardegi nemenda. Allir nemendur voru búnir að standa sig með stakri þrýði og nemendur, foreldrar og starfsmenn voru að drekka kaffi saman. Allt í einu sé ég að skólastjórinn ræðst á einn kvenkyns umsjónarkennarann og kyssir viðkomandi á kinnina. Mér bregður, trúi ekki að þetta sé að gerast og fæ hryllings hroll um mig alla og hugsa með mér að ég ætla ekki að leyfa honum að ná að kyssa mig. Ég verð stressuð, á varðbergi og ætla ekki að láta hann ná að kyssa mig. En allt kemur fyrir ekki, skólastjórinn nær að koma aftan að mér og kyssa mig á kinnina. Ég ætla ekki að lýsa þeirri viðbjóðslegu tilfinningu sem fór um mig alla. Ég veit ekki til þess að skólastjórinn hafi ráðist á karlkyns umsjónarkennarana og kysst þá eftir árshátíðina. Ég get þetta ekki og vil þetta ekki.

#10

Vann í menntastofnun og þar voru karlar sem töldu það sem sjálfsagðan hlut að káfa á konum. Sem dæmi má nefna deildarstjórann sem fann sér sífellt tækifæri til að koma inn á skrifstofuna mína, loka og standa óþægilega nálægt mér á meðan hann bað mig um að leita af einhverju ómerkilegu í tölvunni, notaði hvert tækifæri til að taka utan um mig og kyssa óþægilega nálægt munnum. Rekstrarstjórinn sem sló möppu í rassinn á mér ef hann gekk á eftir mér... ógeð!!!

#11

Fyrstu ár mín í kennslu var eldri karlkennari sem fannst í lagi að taka utan um mig, strjúka um mitti og spyrja hvort ég hefði fitnað. Hann vildi jú hafa konur mjúkar. Mér fannst þetta óþægilegt en mórallinn var að þetta væri nú bara hann X.

Sömu viðbrögð af minni hálfu nokkrum árum fyrr þegar kennari minn í Háskóla Íslands bauð mér heim með sér eftir kennslu af því konan hans væri í útlöndum. Lét mig hafa það að mæta áfram í tíma og hunsa kallinn.

Eða losna undan fulla karl kennaranum á dimissjón, eða...

Hversu eðlilegt er að vera orðin vön að hrista svona af sér á menntaskóla aldri?

Sem ung sjálfstæð menntuð kona alin upp á jafnréttisheimili lét ég þetta samt yfir mig ganga. Þetta var bara það sem maður var vanur og lét ekki stoppa sig. Sorgleg aðlögun að umhverfinu en ég álasa ekki ungu útgáfunni af mér.

#12

Ég var í jólagleðskap skólans þar sem mér eldri maður var sífellt að draga mig til sín og láta mig setjast í fangið á sér. Allt kvöldið var hann að dónast við margar okkar og sérstaklega aðstoðarskólalastjórann sem honum fannst sýnilega mjög brjóstgóð.

#13

Ég hef sem betur fer aldrei lent í neinu ólöglegu. Ég er að jafnaði ófeimin að láta í mér heyra og láta fyrir mér fara. Það hefur farið í taugarnar á mönnum, en líka fælt margan starfsfélagann frá. Þess vegna kom það sjálfri mér á óvart hve óþægilega mikið það sló mig út af laginu þegar einn þeirra fór að leita í mig. Ég var að vinna við framhaldsskóla þar sem hann m.a. kennir valfag sem ég er menntuð í. Hann er 20 árum eldri en ég, ekki óþekktur í menningarlífinu og frekar mikill sérvitringur. Mér þótti margir snubbóttir við hann, sérstaklega samstarfskonur mínar. Ég hef að jafnaði gaman að fólki sem er öðruvísi en flestir - og eins og ég segi, hef áhuga á faginu sem hann kennir - svo ég spjallaði einhverntíma við hann um það.

Þetta varð til þess að hann fór að koma til mín í tíma og ótíma til að tala. Fyrst bara um fagið. Hann kom með greinar og annað til að sýna mér. Mér þótti það óþægilegt, en gat ekki alveg sett fingur á hvers vegna. Ég tók eftir því að hann kom aldrei nema ég væri ein á vinnuherberginu. Svo var hann farinn að bjóða fyrir utan kennslustofur þegar ég kom út úr tíma. Labba "samferða" mér á kennarastofuna. Talið færðist meira og meira yfir í líkamlega hluti. Hann hrósaði mér reglulega fyrir útlit og var farinn að bjóða mér nudd og heimsóknir. Hann stóð stundum fyrir dyrunum, svo það var erfitt fyrir mig að komast út úr stofunni.

Ég var hætt að nenna á kennarastofuna. Ég var hætt að sitja ein eftir í vinnuherberginu þegar aðrir fóru. Ég var hætt við að fara með í starfsmannaferðina sem var framundan. Mér verður ennþá pínulítið flökurt þegar ég hugsa um hann.

Ég er alin upp af femínistum kynslóðir aftur. Ég er alin upp í gettói í útlenskri borg, þar sem maður varð vitni að ýmsu. Ég er mamma og hef gert mikið úr því að ala upp stráka sem skilja að misnota ekki meðfætt vald sitt og stelpu sem lætur ekki kúga sig. Mamma mín gapti þegar ég sagði henni að ég ætlaði að sleppa utanlandsferð kennara... útaf þessum litla, ómerkilega manni?!

Ég tók mér tak. Ef mér átti að finnast vinnan erfið eða leiðinleg átti það a.m.k. EKKI að vera í hans höndum! Ég hætti að afsaka mig: „Ég hef ekki áhuga á að heyra þetta.“ „Mig langar ekki að tala við þig.“ „Viltu gjöra svo vel að fara frá, ég vil komast framhjá.“ Ég stóð upp og færði mig í hvert sinn sem hann settist við sama borð og ég á kennarastofunni. En hann hætti ekki.

Einu sinni mættumst við í tröppunum.

Hann: „Það fer þér svo vel að hafa hárið svona upp.“

Ég, á meðan ég reif hnútinn úr hárinu: „Ég hef ekki áhuga á að heyra hvað þér finnst.“

Hann: „Þú ert svo mikil valkyrja. Það er svo mikið spönk í þér. Ég elska valkyrjur!“

Þar með voru öll vopn slegin úr hendi mér. Ákveðni mín jók áreitið. Þá fór ég að tala við fólk í kringum mig. Kom í ljós að þær voru fleiri sem hafði liðið illa vegna hans. Ég fór til skólastjórnenda. Hann kennir þarna enn. Sömu áfangana. Mest valáfanga. Meirihluti nemenda hans eru strákar...

#14

Ég var að fara með nemendur mína í mat þegar ein (kona) sagði við mig að kokkurinn (karlmaður) væri að velta því fyrir sér hvort ég fengi það reglulega. Kokkurinn brosti þegar hún spurði mig. Ég fór hjá mér og hreinlega man ekki hvernig ég svaraði. Þegar ég verð vandræðaleg og veit ekki hvernig ég á að bregðast við þá hlæ ég, sem ég gerði þarna. Mér leið ekki vel eftir þetta og sagði samstarfskonu frá þessu og hún sagði að þetta þyrfti að tilkynna skólastjóra. Við fórum saman og hann efaðist um orð mín. Sagði að það þyrfti jú að tala við þau „ef þetta var þá sagt.“ Ég sagði að ég væri ekki að búa þetta til og samstarfskona mín varð líka reið, sagði að ég hefði ekki þorað að koma ein. Skólastjórinn talaði við þau og konan var sú sem baðst afsökunar en ekki kokkurinn. Sú sagði reyndar í afsökunarbeiðninni að ég hefði nú farið að hlæja og því hefði hún haldið að þetta væri alveg í lagi. Ég sagði svo ekki vera, mér hafi þótt þetta mjög óþægilegt og sérstaklega þegar kokkurinn stóð þarna hjá og brosti.

#15

Í starfsmannaferð erlendis var veskistöskunni stolið, seint um árhátíðarkvöld. Ég fæ lobbystrákinn til að fylgja mér og opna fyrir mér þar sem lyklarnir voru í veskinu. Þar bíður samkennari á nærbuxunum, upp í rúmi, án sængur, hvítvín bíðandi á borðinu. Eftir að ráðfæra mig við trúnaðarmann sagði ég skólastjórnendum frá þessu sem töluðu við samstarfsmanninn, hann neitaði, sagði að ég hefði boðið honum. Stjórnendum og trúnaðarmanni fannst ég ekki eiga vöð á neinu nema kannski setjast niður með manningum og *fronta* hann, þetta væri orð á móti orði. Einnig hafði ég skemmt fyrir trúverðuleika mínum með því að trúa öðrum fyrir þessu. NB það voru vitni að þessu en ég er sú sem er *unstable* í augum stjórnenda, eða það virkar þannig allavega.

#16

Í vinnuherbergi kennara sátu ég og þrír samstarfsmenn þegar einn ákveður að spyrja: „Jæja, segðu okkur nú, ertu með *silikon* í brjóstunum?“

Hinir tveir líta upp frá tölvunum og segja ekki neitt, en sitja og horfa á mig og bíða eftir svari.

#17

Sem kennaranemi var ég að ræða við leiðsagnarkennarann minn um hópinn sem ég var að kenna í æfingakennslu. Þetta var kennsla í framhaldsskóla og ég minntist á hvað ég væri ánægð með að hafa náð til ákveðins drengjahóps sem hafði verið áhugalítill í fyrstu.

Ekki stóð á svari hjá leiðsagnarkennaranum (karlmaður á miðjum aldri sem náði ekki til þessara drengja): „Þeir eru bara allir skotnir í þér.“ Mér brá svolítið en tókst þó að svara að ég teldi nú að kennsluaðferðirnar og nálgun mín væri það sem skipti máli. Aftur heyrðist: „Nei nei, þeir eru bara skotnir í þér.“ Ekkert bros eða grín fylgdi þessu, eins og manningnum væri bara fúlasta alvara. Á þessum tímamarki átti ég eftir að kenna hópnum nokkra tíma sem ég og gerði en það var ekki þægilegt að hafa þetta í hausnum á meðan.

Þegar ég átti svo að skila skýrslu til bæði viðkomandi skóla og kennarans míns í háskólanum ákvað ég eftir smá umhugsun að skrá þetta atvik með. Lét einnig fylgja að mér hefði þótt þetta afar óviðeigandi framkoma sem hefði mögulega brotið einhverja. Ég veit ekki hvort það breytti einhverju en ég þagði allavega ekki og það var ákveðinn léttir.

#18

Samstarfsmaður hefur spurt í skólaheimsókn erlendis hvort ég ætlaði að koma upp á herbergi að ríða. Seinna sagðist hann alltaf vera að horfa á rassinn á mér á kennarastofunni og í þó nokkur skipti gerði hann rassinn á mér að umræðuefni, að ég yrði að kaupa mér þröngar buxur því hann gæti þá hugsað um mig þegar hann rúnkaði sér. Svo þegar hann frétti að ég væri að hitta mann sem hann kannast við tilkynnti hann mér á gangi skólans hvað sá væri nú heppinn að fá að negla mig. Sá sami frétti að ég hefði sagt frá þessu og hefur síðan þá hunsað mig markvisst.

Ég er nýbúin að tilkynna þetta og bíð svo bara með hnút í maga.

#19

Samkennari sem margoft hafði sagt dónalega hluti við mig og káfað „óvart“ á rassi og brjóstum í gegnum árin, greip eitt sinn um bæði brjóstin á mér inni á kennarastofu, kleip fast og sagði: „Góðan daginn!“ Samstarfskona okkar varð vitni af þessu og við urðum báðar svo kjaftstopp að við sögðum ekkert. Samt finnst mér svona líkamlegt og augljóst kynferðisáreiði skárri en þegar dansað er á þessari gráu línu þar sem erfitt er að svara fyrir sig án þess að fá tilbaka, „hva voða ertu viðkvæm, ég var nú bara að grínast“ eða „ég meinti þetta nú ekki svona, ekkert má nú segja..“ Sitja svo sjálfur uppi með efann og óþægindatilfinninguna sem grefur undan öryggi bæði manns sjálfs og því umhverfi sem maður þarf að vera í með þessum aðila. Þess vegna finnst mér [#metoo](#) svo mikilvægt.

#20

Ég fór í heimsókn á leikskólann þar sem ég vann, með litla nýfædda strákin minn. Þar unnu tveir ungir strákar með mér. Annar þeirra hafði talað opinskátt um hversu kynæsandi ég væri þegar ég var ólétt. En þarna á kaffistofunni var það fyrsta sem ég fékk að heyra að ég væri með flott brjóst. Þeir hefðu sko fengið að sjá það á mynd og bentu mér á vegginn þar sem við blasti útprentuð mynd af mér með splunkunýja strákin minn í fanginu og það sást í brjóstið mitt. Móðir mín sem þekkir leikskólastýruna hafði sent henni myndina, stolt af afkomendum sínum. Ég var ekki svekkt yfir því að myndin hengi þarna þó það hefði verið óþarfi en að þessir strákkjánar sem voru að vinna á „kvennavinnustað“ skyldu horfa á hana í kynferðislegum tilgangi fannst mér vont.

#21

Fyrir mörgum árum var ég að vinna á menntastofnun með nokkuð mörgum konum en fáum körlum. Einn karlinn var þekktur innan ákveðins hóps í samfélaginu, vinsæll og skemmtilegur og naut athyglinnar sem hann fékk frá konum. Þetta var giftur maður með þrjú ung börn. Ég var í nýju sambandi

sjálf og kærastinn var mikið að vinna í burtu. Þessi maður virtist vera með það á hreinu hvenær ég hitti kærastann eftir langa fjarveru því hann spurði mig oft eftir að við höfðum hist hvort við hefðum tekið á því alla nóttina eða hvort ég væri þreytt og svo framvegis. Ég hló nú bara að þessu þá en á jólaskeiðum sem var makalaus fór hann svo alveg yfir strikið. Hann flögraði um á milli þeirra kvenna sem honum leist á og settist svo hjá mér um kvöldið og sagði að ég væri langfalleasta konan á svæðinu. Mér fannst þetta mjög óviðeigandi af manni í sambandi að láta svona en þakkaði bara fyrir. Seinna um kvöldið fórum við nokkur saman á bar. Ég stóð við röðina á barnum í stuttum kjól og var að panta drykki þegar hann kemur aftan að mér þrýstir sér að mér og fer með hendina á bólakaf undir allt og beint í klofið á mér. Ég frýs en næ svo að hreyta í hann og ýta honum frá mér. Ég tala ekki við hann um kvöldið meira, en á mánudeginum biður hann mig afsökunar sem ég meðtek enda ómögulegt að vinna með fólki í leiðindum. En hann heldur áfram að daðra við aðrar konur sem honum lýst á, á þessum vinnustað. Nýlega hitti ég mann sem er að vinna með þessum manni og hann barst í tal og ég spyr hann hvernig hann sé. Kuningi minn segir að hann sé vaðandi í ungu stelpunum og notfæri sér fornu frægð sína. Það er sorglegt að hugsa til þess að ennþá 13 árum seinna sé hann að áreita konur á vinnustað.

Þetta er mitt framlag í þetta átak, enda líður mér betur að finna þessu einhvern farveg.

#22

Það er ekki langt síðan að ég var með námskeið í grunnskóla.

Á fyrri hluta námskeiðsins mættu nýliðar skólans og á seinni hlutann mættu þeir sem höfðu starfað lengur við skólann og höfðu áður hlustað á efni námskeiðsins. Ég hafði samt byggt námskeiðið þannig upp að flestir ættu að geta fundið eitthvað nýtt og/eða miðlað sín á milli. Ekki voru samt allir sem mættu í seinni hlutann sáttir við að þurfa að mæta og flestir létu það í ljós með þátttökuleysi en einn karlmaður í hópnum sýndi það með yfirlætislegu yfirbragði í minn garð og athugasemdum um innihald námskeiðsins og það sem aðrir höfðu fram að færa.

Í einu verkefnanna var hópnum skipt í fjóra hópa inni í kennslustofnunni og hver þeirra fann sér stað í stofunni til að vinna verkefnið. Hópurinn sem maðurinn með yfirlætið var í, kom sér fyrir við kennaraborðið þar sem tölvan mín var. Ég hreyfði mig á milli hópanna en stóð annars í miðri stofunni. Á tölvunni minni voru glærurnar með fyrirmælum verkefnisins. Þegar ég þurfti að skipta um glæru og gekk að tölvunni á kennaraborðinu kom maðurinn fótunum fyrir uppi á kennaraborðinu og þegar ég nálgadist hagræddi hann sér þannig að ég þyrfti að rétta höndina yfir klofið á honum og þegar ég gerði það eins og engin væri fyrirstaðan leit hann glottandi á mig. Ég lét sem ekkert væri, skipti um glæru á tölvunni og greip um leið símann minn sem var við hliðina á tölvunni og ég get notað sem fjarstýringu á glærusýningar. Næst þegar ég þurfti að skipta um glæru notaði ég símann og horfði fast á karlinn og glotti til hans.

#23

Á vinnustaðnum sem um ræðir voru sumar konur teknar fyrir, aðrar ekki, en aldrei karlmenn. Það var gerræðisleg stjórnun, mikil valdniðsla, talað niður til kvenna á fundum og alltaf gengið framhjá konum við ráðningu á stjórnunarstörfum, t.d. deildarstjórastöðum. Launapotturinn var algjört leyndarmál og þær konur sem ég var í sambandi við fengu ekkert eða örfáar krónur úr þessum launapotti. Yfirmaðurinn var ráðinn í gegnum klíku á sínum tíma og átti sinn frændgarð í stjórn bæjarins, þannig að hann var ósnertanlegur einvaldur, þrátt fyrir óteljandi kvartanir og að margar mjög hæfar og góðar konur hættu, brynnu út og færu í önnur störf eða nám. Það þarf bæði að endurskoða eða innleiða nýja verkferla í ráðningum og eins verkferla til að taka á svona málum sem snúa að áreitni, einelti eða mismunum kvenna innan menntakerfisins.

#24

Ein ástæða fyrir því að ég hef ekki tjáð mig hér er vegna þess að ég hef einungis orðið fyrir kynferðislegri áreitni og ógnandi hegðun, sem ég var reyndar mjög óttaslegin yfir, frá foreldrum. Og þar hef ég alltaf reynt að virða trúnað, út fyrir gröf og dauða. Mér fannst einhvern veginn betra að hegðunin væri gagnvart mér en ekki starfsmönnum mínum eða börnunum, en þá var það líka ég sem þurfti að takast á við það alein og gerði það með því að forðast að vera ein með ákveðnum feðrum.

#25

Lenti í ítrekaðri áreitni af hendi skólastjóra sem endaði með því að ég sagði upp. Fjöldi annarra kvenna hefur sömu sögu að segja af þessum manni, formlegar kvartanir hafa verið lagðar fram en ekkert gerist og hann situr óhultur í sinni valdastöðu þar sem hann er þekktur fyrir að ráða til sín fallegar konur, að því er virðist til að viðhalda spennu í eigin lífi. Illa falið leyndarmál sem allt bæjarfélagið veit af.

#26

Ég var þá deildarstjóri í leikskóla. Deildarstjórar fá ekki úthlutað sínum svo mér fannst (á þessum tíma) ég þurfa að gefa foreldrum upp símanúmerið mitt til öryggis vegna þess hve mikið við fórum úr húsi með krakkana.

Einn pabbinn var svo hringjandi í mig í tíma og ótíma. Alltaf einhvert erindi en ekkert sem kallaði á að hann þurfti að hringja í mitt einkanúmer eða ná í mig á núinu. Hann toppaði þetta svo alveg þegar hann hringdi í mig í sumarfríinu bara til að spjalla.

Hann stoppaði alltaf mjög lengi við í lok dags til að spjalla, ekki um barnið sitt og starfsfólk í leikskólanum voru farin að tala mikið um þetta “samband okkar á milli” sem mér var farið að finnast mjög óþægilegt. Hann gekk allt of nærri mér og virti ekki mörkin milli kennara og foreldris.

#27

Ég leitaði til skólastjóra vegna atviks sem snerist um upplifun mína og ööryggistilfinningu gagnvart nemendum. Hann brást ókvæða við og hreytti í mig ónotum eins og hans er von og vísa. Þegar ég var á leið út í göngutúr til að reyna að jafna mig, með tárin í augunum, spurði kvk skólastjórnandi mig hvað hefði komið fyrir. Ég sagði henni að það væri ekki verra en vant er; að skólastjórinn tæki því illa ef maður kæmi með alvarleg mál inn á borð til hans og hreytti í mann ónotum. Ég fór út að ganga, náði ekki að jafna mig og fór bakdyramegin inn í stofuna mína, hágrátandi. Ég lokaði – en læsti ekki - hurðinni á eftir mér, settist við tölvuna og ákvað að reyna að dreifa huganum. Átti að fara að kenna eftir fimm mínútur. Skólastjórinn kom inn í kennslustofuna. Ég gaf honum skýrt stopp merki með hægri höndinni minni og sagði honum að ég gæti ekki, treysti mér ekki og vildi ekki tala við hann vegna þess að ég þyrfti frið til að jafna mig áður en ég færi að kenna eftir nokkrar mínútur. Hann hlustaði ekki, kom lengra inn í stofuna og nær mér. Ég gaf honum aftur skýrt stopp merki með hægri höndinni og sagði aftur það sama við hann. Hann virti ekki skilaboðin mín, kom enn nær og fór að tala um það við mig að kvk stjórnandinn hefði sagt sér að ég hefði tekið þessu sem hreytingi en það hefði ekki verið hans ætlun. Ég var í uppnámi og sagði honum, að ég væri búin að fá nóg af hreytingi frá stjórnendum, ásökunum frá þeim og að hann kenndi alltaf öðrum um. Hann virti það að vettugi og þvingaði mig til að taka í höndina á sér og sagðist vera að biðja mig afsökunar. Ég tók í hönd hans en leit í hina áttina, fannst ég ekki eiga mér undankomuleið, var krúð af og þrátt fyrir skýr skilaboð með orðum og líkamstjáningu. Mér fannst hegðun skólastjórans ógnandi og hömlulaus og atvikið allt virkilega þungbært og særandi. Að þessu loknu kenndi ég í 80 mínútur, þrátt fyrir tilfinningalegt uppnám. Atvikið hefur aldrei verið rætt.

#28

Þegar ég 25 ára og byrjaði að kenna við grunnskóla, var þar kennari sem ávallt var með kynferðislega tilbúna við nýja kennara, í orði og verki, og jafnvel við nemendur. Þetta var vinsæll kennari og því hlógu bara allir af þessu... og gera enn. Ég vildi ekki taka þátt í þessu og var hann því fljótur að setja mig út af sakramentinu. Sem umsjónarkennari unglinga fékk ég kvörtun frá stelpum og foreldrum þeirra vegna umsagna sem hann gaf þeim vegna verkefna. „Þú ert björt mey og hrein“ þýddi að allt var rétt. „Þú ert mín allra besta kærasta“ merkti að honum líkaði vel við nemandann! Kvenkennarar í skólanum sem ekki vildu taka undir niðrandi brandara um konur voru húmorslausar.

#29

Sumar hér inni tala um að vera lausar við áreitni í þessu starfi. Ég starfaði sem kennari í 11 ár og get sagt að kynferðisleg áreitni hafi haft áhrif á starf mitt þó mér finnst það sem ég lenti sjálf í auðveldara en áreitni karlkennara gagnvart nemendum. Sú áreitni og hvernig brugðist var við henni situr í mér. Það var m.a. einn kennari sem átti til að tosa í g-streng og brjóstahaldara stelpnanna og láta smella í. Ég ræddi þetta við hann og skólustjóra en það var ekkert gert með það. Þetta þótti honum fyndið og notaði frasann um að það mætti orðið ekkert í dag og að karlkennarar lægju alltaf undir svona dómum vegna kynferðis (sem er alls ekki reynsla mín því flestir þekkja mörkin vel). Sá sami sat oft með stelpur, oft með veikan félagslegan bakgrunn, í fanginu og okkur samkennurum þótti það óþægilegt þó við sæjum hann aldrei gera neitt við þær. Einu sinni kom umsjónarnemandi minn til mín og sagði aldrei aftur ætla í tíma til hans því hann hafði strokið henni þannig í tíma. Alltaf lét ég stjórnendur vita en hann komst lengi upp með þetta. Það var annars konar mál gagnvart dreng sem hafði þau áhrif að hann hætti störfum hjá þeim skóla sem ég vann í.

#30

Mig langar að segja frá áreitni sem ég varð fyrir að hálfu foreldris í leikskóla sem ég vann í. Daginn sem þetta hófst var sparifatadagur í skólanum. Ég kem inn í fataklefan og sé að það er verið að sækja einn drenginn. Faðir hans var á hækjum sér að tala við drenginn þegar ég kem æðandi að. Ég byrja á að segja við drenginn að hann sé aldeilis heppinn að pabbi komi að sækja hann svona snemma þennan daginn. Þá stendur pabbinn upp smellir kossi beint á munninn á mér um leið og hann segir: „Nei hæ ástin mín, mikið ertu fín í dag.“ Ég sem verð aldrei orðlaus hvítnaði upp og gekk inn á deildina án þess að segja orð. Vinkona mín varð vitni að þessu og sagði að hún hefði aldrei fyrr séð mig orðlausa.

Eftir þetta reyndi ég að forðast manninn eins og ég gat, hljóp fram af deildinni þegar ég sá hann koma og stóð í felum frammi á gangi. Mig meira að segja dreymdi það eina nóttina að hann hefði verið fenginn til að koma í leikskólann og hjálpa mér með lestrarkennsluna og farið svo í sleik við mig. Mér leið ekki vel eftir þann draum.

Einn daginn var ég svo að aðstoða barn við að reima skóna. Sat á kolli og hallaði mér fram. Ég finn þá skyndilega að einhver er að strjúka mér fimlega um mjóbakið. Ég þorði ekki að hreyfa mig og gat ekki ímyndað mér hver þetta var. Lét mér detta í hug að þetta væri fyrrverandi maðurinn minn að koma með dóttur okkar í skólann. Ég stend svo upp og sé sama mann og hafði kysst mig áður standa yfir mér. Ég verð svo hissa að það eina sem ég gat sagt var: „Varst þetta þú?“ Hann glotti og labbaði í burtu. Ég hélt áfram að fela mig restina af skólagöngu barnanna.

Það erfiðasta við þetta fannst mér að mæta ekki skilningi allra samstarfsfélaga þegar ég ræddi þetta mál. Mjög margir hlógu og sögðu að hann væri nú svo myndarlegur að þetta hlyti að vera í lagi.

#31

Ég hef starfað sem leikskólakennari í sex ár og að hluta sem stjórnandi. Á þeim tíma hef ég orðið fyrir áreitni frá utanaðkomandi aðilum s.s. iðnaðarmönnum sem finnst bara ekkert að því að slá í rassinn á manni á vinnustaðnum. Einnig er algengt að talað sé niður til manns eins og maður hafi ekki hundsvit

á öðru en að snýta börnum og skeina. Í starfinu þarf ótal oft að losa stíflur, negla nagla, laga tölvur, skrúfa hillur, skápa, laga leikföng o.s.frv. verkvitið hefur verið talið alveg ágætt enda er ég alin upp af smíð og lærði ýmislegt verklegt snemma.

Það er ekkert eðlilegt að áætla að þar sem að ég vinn á leikskóla að þá get ég ekkert, að þá kunni ég ekkert. Ég er kennari og ég er stolt af því. Ég hef góðan faglegan grunn til að byggja mitt starf á, og metnað til að gera vel. Ég á að geta mætt í vinnuna án þess að verða fyrir áreitni og án þess að það sé talað með lítilsvirðingu niður til mín. Við eigum það öll skilið.

#32

Ég var verkefnastjóri í félagsmiðstöð, hef verið verkefnastjóri í þremur félagsmiðstöðvum. Starfið mitt heyrir ekki undir skólann en er unnið í nánu samstarfi við skólann. Ég hef ekki lent í áreitni af mínum samstarfsmönnum þó ég hafi vissulega fundið fyrir því að vera ung kona í samskiptum mínum við skólastjórnendur sem allir voru kallar. Ég hef aftur á móti heyrt ótal oft sögur frá unglingsstelpum af óviðeigandi hegðun karlkynskennara í garð þeirra. Þegar ég hef rætt þessa hluti við skólastjórnendur hef ég fengið að vita að unglingsstelpur séu svo dramatískar. Í eitt skipti var um að ræða kennara sem hafði áður verið rekinn úr starfi fyrir óviðeigandi hegðun gagnvart nemanda en að sjálfsgöðu var hann rekinn fyrir eitthvað allt annað og gat fengið vinnu óáreittur hvar sem er. Í eitt skipti var um að ræða vinsælan og frægan kennara sem hafði gert margt gott fyrir skólann sem fékk að kenna óáreittur þrátt fyrir kvartanir, sem hafa verið að berast frá því kærastinn minn var í skólanum. Í öllum skiptum var gert lítið úr þessari upplifun nemenda, það var nefnilega ekki rétt að eyðileggja mannorð góða kennara.

#33

Vinsæll aðili sem ferðast á milli skóla með forvarnarfræðslu biður t.d. kennara að vera ekki viðstaddir fræðslu til unglinga því þá muni unglíngarnir ekki þora að spyrja mikilvægra spurninga. Gott og vel, en þegar þessi aðili kom með fræðslu til míns barns gerðist eftirfarandi: Það var orðið þungt loft og heitt inni í stofunni, einn strákur spyr hvort hann megi ekki fara úr peysunni og vera á hlýraból sem hann var í undir, tveir aðrir strákar fara líka úr peysunum. Fyrirlesarinn segir með tóni sem ekki var hægt að misskilja „Vilja ekki einhverjar stelpur líka fara úr að ofan?“ Minn strákur sem þarna var segir að andrúmsloftið hafi orðið mjög skrítið og stelpum og strákum liðið vandræðalega og þarna var enginn kennari viðstaddur til að grípa inn í.

#34

Starfsmannagleði. Nokkrir fóru í bæinn, þar á meðal ég og aðstoðarskólastjórinn. Skemmtum okkur konunglega, þræddum bari og hittum fólk. Hann í sambandi og það sama á við um mig. Deildum leigubíl heim, sem ég taldi frekar eðlilegt til að spara kostnað og við ágætis félagar. Nokkrum mínútum áður en við vorum komin fyrir utan heimilið mitt þá leggst hann á öxlina á mér, rennir hendinni inn á bringuna mína og stefnir á brjóstið á mér, ég rétt næ að koma hendinni minni á milli, hann reynir að komast framhjá henni, en ég haggja minni ekki frá. Ég stífna upp, verð dauðskelkuð og get mig hvergi hreyft, eina sem ég get einbeitt mér að er að halda hendinni hans frá brjóstinu mínu og að telja niður sekúndurnar í að billinn renni í hlaðið heima hjá mér svo ég geti stokkið út og sloppið úr þessari þrú.

Könnun

Meirihluti starfsfólks innan menntageirans er konur. Því áttum við, stjórnendur í Facebookhópi #MeToo menntageirans, síður von á því að kynferðisleg áreitni væri stórt vandamál í menntunartengdum störfum. Fljótlega fóru þó að tínast inn sögur um allt frá mismunun til grófrar áreitni og ofbeldis. Við litum því til skilgreininga Starfsgreinasambands Íslands á kynferðislegri áreitni og byggðum á þeim litla og óformlega könnun, með það að markmiði að fá hugmynd um hvers konar áreitni væri algengust í menntageiranum. Rétt er að taka fram að könnunin er takmörkuð á ýmsa vegu og ekki ætlað að veita áreiðanlegar tölur um umfang vandans. Við viljum því ítreka það sem segir í fjórða lið yfirlýsingar frá hópnum, að við viljum að *skólayfirvöld láti framkvæma úttekt á umfangi ofbeldis, kynferðisáreitni og mismununar í menntastofnunum, bæði meðal starfsmanna og nemenda og bregðist við niðurstöðum með viðeigandi forvörnum, aðgerðum* og *úrræðum.*

216 konur svöruðu könnuninni, stærsti aldurshópurinn var á milli 40 og 50 ára (45%). Starfsgreinasambandið skiptir áreitni í þrennt, orðbundna, táknræna og líkamlega. Þegar við spurðum út í þætti sem teljast til orðbundins áreitis höfðu flestar eða nær helmingur þeirra sem svöruðu, upplifað *óvelkomna kynferðislega eða kynbundna stríðni eða grín* á vinnustað eða í tengslum við starf sitt. Um fjórðungur merkti við hvert af eftirfarandi; *óvelkomnar kynferðislegar athugasemdir eða spurningar, persónulegar spurningar um einkalíf eða kynlíf og kynbundnar eða kynferðislegar athugasemdir um klæðnað* þeirra eða *útlit.*

Þegar kom að táknrænni áreitni merkti um fjórðungur við að hafa upplifað *óvelkomnar kynferðislegar augngotur* en ívið fleiri, um þriðjungur, hafði upplifað *aðra óvelkomna hegðun sem gaf eitthvað kynferðislegt til kynna* á vinnustað eða í tengslum við starf sitt. Hvað líkamlega áreitni varðaði merktu flestar, eða rúmlega þriðjungur við að hafa upplifað *óvelkomna snertingu*. Fast á eftir fylgdu *óvelkomið klapp eða strokur, óvelkomin faðmlög og að farið var inn í persónulegt rými í þeirra óþökk (s.s. með því að halla sér yfir eða króa af).*

Aðeins um 15% kvennanna sögðust hafa leitað til yfirmanna vegna áreitisins. Að lokum má geta þess að merkt var við allar nema eina tegund kynferðislegrar áreitni sem Starfsgreinasambandið nefnir í skilgreiningu sinni, af einni eða fleiri konum. Að auki bættu svarendur við ýmsum svarmöguleikum, eins og „klámkjafur á drengjum um stúlkur og kvenfólk“

og „slegin af yfirmanni sem nefndi það aldrei. Það var samt ekki kynferðislegt“
og „leitaði til fræðslustjóra og bæjarstjóra í sveitarfélaginu þar sem skólastjórinn var gerandinn og það er einungis þögn og þöggun í gangi“.

Við teljum að þrátt fyrir augljósa annmarka gefi könnunin vísbendingar um að kynferðisleg áreitni sé tiltölulega algengt vandamál í menntageiranum eins og á flestum öðrum starfsvettvangi. Við viljum með þessu, yfirlýsingu okkar og reynslusögum, leggja okkar af mörkum til þess að draga vandann fram í dagsljósið svo hægt verði að uppræta hann og fyrirbyggja.